

Mánudaginn hinn 27. aprílmánaðar.

Nr. 50/1907: Guðmundur Hannesson læknir
gegn
ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóðs.

D ó m u r:

Áfryjandinn, héraðslæknir Guðmundur Hannesson, fekk leyfi stjórnarráðsins til þess að ferðast til útlanda árið 1906, en þá var hann héraðslæknir á Akureyri, með því skilyrði, að hann fengi lækni, er sæti á Akureyri og landlæknir tæki gildan, til að gegna héraðslæknisembættinu í fjarveru sinni. Samkvæmt leyfi þessu ferðaðist hann til útlanda vorid 1906 og var erlendis mánudina apríl og maí, en áður hafði hann samkvæmt fyrirlagi stjórnarráðsins fengið mann til að gegna héraðslæknisembættinu á meðan, er landlæknir samþykkti, og var það læknir Sigurður Hjörleifsson, er áfryjandi áður hafði ráðið aðstoðarlækni sinn samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1906 og 1907 11. gr. 2. tölul. Gegndi Sigurður Hjörleifsson héraðslæknisembættinu í fjarveru áfryjanda. En er áfryjandi síðan vildi fá greiddan úr landssjóði styrk til aðstoðarlæknis samkvæmt tilvitnaðri grein fjárlaganna, var honum synjað um greiðsluna fyrir mánudina apríl og maí, með því að hann þá hafði eigi neinn aðstoðarlækni. Áfryjandi höfðaði þá mál þetta gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til greiðslu á aðstoðarlæknisstyrknum fyrir 2 mánuði, 133 kr. 33 aur., og var málinu ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 18. júlí f. á., á þá leið, að stefndi, ráðherrann fyrir landssjóðs

hönd, var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir héraðslæknir Guðmundur Hannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 2. des. f. á. og krafist þess, að honum verði dæmdar úr landssjóði 133 kr. 33 aur. sem aðstoðarlæknisstyrkur fyrir mánuðina apríl og maí 1906 með 6% vöxtum af upphæð þessari frá sáttakærudegi til borgunardags, svo og að honum verði tildæmdur málskostnaður hjá stefnda eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda hefir þess verið krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Grein sú í fjárlögnum, er áfrýjandi telur heimild fyrir kröfu sinni á hendur landssjóðnum, hljóðar svo: »Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri 800 kr. — 800 kr. Það er in confesso í málinu, að Sigurður Hjörleifsson var aðstoðarlæknir áfrýjanda á Akureyri áður en hann fór í utanlandsferðina og alt þangað til að hann fór í þessa ferð, sem virðist hafa verið um mánaðamótin marz—apríl 1906, og að Sigurður þá tók að sér að gegna héraðslæknisembættinu og gegndi því sem settur héraðslæknir mánuðina apríl og maí eftir ráðstöfun áfrýjanda og með samþykki landlæknis. Það þykir nú fullljóst, að Sigurður Hjörleifsson, sem þannig var héraðslæknir í fjarveru áfrýjanda, eigi gat um leið verið aðstoðarlæknir hans, og með því að hann eigi hafði fengið annan mann sem aðstoðarlækni á Akureyri þennan tíma, getur honum eigi borið aðstoðarlæknisstyrkurinn fyrir þessa mánuði, en í málinu er það komið fram, að styrkurinn hefir frá upphafi verið greiddur mánaðarlega með hlutfallslegri

upphæð. Samkvæmt þessu verður að fallast á úrslit bæjarþingsdómsins, og með því að málskostnaðarákvæði hans samþykkist, verður að staðfesta dóminn eins og hann er. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því, að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Guðmundur héraðslæknir Hannesson greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 4/1908:

Valdemar Ottesen
gegn
Jóni Ólafssyni

Dómur:

Í 34. tölublaði af VII. árgangi blaðsins Reykjavíkur, er út kom 4. ágústm. 1906, er í grein með fyrirsögninni »Brennivargar« skýrt frá því meðal annars, að umliðna nótt hafi verið reynt til að kveikja í húsinu nr. 1 á Laugavegi, og að grunsamur um verknað þann sé orðinn »drykkjurútur einn, lánleysisgarmur, er rak hér verzlun stutta stund og varð brátt gjaldþrota.« — «Hann